

Mættir: Guðrún G Halldórsdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Fjóla B. Svavarsdóttir, Margrét Ármann, Magnús Kristinsson grenndarfulltrúi, Emma Dís Benediktsdóttir nemendafulltrúi, Nói Pétur Á. Guðnason nemendafulltrúi, Anna María Gísladóttir foreldrafulltrúi og Solveig Gísladóttir sem ritar fundargerð.

-Starfsmannamál. Búið er að ráða í stöðu aðstoðarskólastjóra, Margrét Ármann sem var tímabundið í þeirri stöðu frá áramótum hefur verið ráðin í starfið. Búið er að ráða í stöðu deildarstjóra yngsta stigs og var Fjóla Borg Svavarsdóttir ráðin en hún hefur verið UT kennari og tekur hún við starfinu í byrjun næsta skólaárs. Sandra Grettisdóttir fer í fæðingarorlof.

2 kennarar fara í minnkað starfshlutfall frá og með næsta skólaári. Hulda Hallgrímsdóttir fer þá í sérkennslu og verið er að auglýsa eftir textílkennara í hennar stað. Sigríður Valdimarsdóttir kennir áfram myndmennt í skertu hlutfalli og Guðbjörg Björnsdóttir fer í myndlistarkennslu á móti henni. Fyrirkomulag sérkennslu í unglिंगadeild verður endurskoðað, þannig að hópar verða fleiri og minni.

-Skólapúls, Fjóla kynnir niðurstöður úr foreldrakönnun sem framkvæmd var í febrúar 2021 og nemendakönnun sem framkvæmd var á tímabilinu september 2020 – apríl 2021.

=Foreldrakönnun, 89,4% svarhlutfall.

Rætt um niðurstöðu í því hvað foreldrum finnst um þyngd námsefnis. Einhverjum finnst það of þungt og öðrum of létt, flestum finnst það mátulegt. Núi kemur með athugasemd um að nemendur sem ráði mjög vel við námsefnið fái meira af námsefni við hæfi.

Líðan nemenda í skólanum er góð að mati foreldra og eru foreldrar ánægðir með matinn í skólamötuneytinu. Erla heimilisfræðikennari segir frá samvinnuverkefni sínu og matráðsins sem felst í því að nemendur á miðstigi koma með hugmyndir að réttum til að hafa í mötuneytinu. 5. bekkur kom með hugmyndir fyrir mars mánuð, 6. bekkur fyrir apríl og 7. bekkur fyrir maí.

Foreldrum finnst að þeir eigi að hafa meiri áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur. Námsáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu en rætt að það þurfi að minna foreldra á það og benda þeim á að kynna sér þær. Núi kemur með athugasemd um að námsmátið sé torskilið og telur að foreldrar myndu skilja betur bókastafakerfi auk þess sem það kerfi bjóði að hans mati upp á meiri nákvæmni, t.d. B+, enginn svoleiðis möguleiki í litakerfinu.

=Nemendakönnun, 96% svarhlutfall.

Virgni nemenda - Skólinn hækkar aðeins frá síðustu könnun í ánægju af lestri, en þetta atriði var í umbótaáætlun.

Skóla-og bekkjarandi – skólinn lækkar í einkunn fyrir tíðni leiðsagnarmats. Það er eins og nemendur telji eina leiðsagnarmátið vera það sem fram fer í foreldra – og nemendaviðtölum, þeir upplifa leiðsögn í tíma ekki sem leiðsagnarmat.

Framundan hjá matsteymi skólans er vinna í umbótaáætlun, kaffihúsafundur og fjarfundir.

Magnús hrósar niðurstöðu úr nemendakönnuninni og bendir jafnframt á að það sem foreldrar eru að setja út á í foreldrakönnuninni séu kannski hlutir sem þeir hafi ekki kynnt sér nægilega vel, t.d. eineltisáætlun og námsáætlun. Stingur uppá Facebook síðu þar sem hægt væri að benda á ýmislegt

sem verið er að gera og kynna t.d. hinar ýmsu áætlanir. Guðrún segir að persónuvernd hafi verið á móti slíkum síðum. Magnús bendir á að hægt sé að hafa slíka síðu myndalosa.

Guðrún segir frá framkvæmdum á skólalóðinni í sumar, völlum Núplindarmegin verður tekinn í gegn, þar verður sett gras sem verður fótboltavöllur og fjölnota svæði. Ef til er fjármagn verða líka endurnýjaðar körfur sem eru Galtalindar megin. Skipulagi útvistar og matartíma verður breytt næsta skólaár og verður það vonandi til bóta upp á hávaða og fleira.

-Önnur mál. Guðrún segir frá því að allir fundir innanhúss hafi í vetur farið fram á TEAMS vegna ástandsins og minnr á að við verðum áfram að fara varlega, sértaklega í ljósi aukningar smita hjá börnum.

Nemendum í skólanum að fjölga og farið að þrengja að í húsnæðinu. Gera þarf einhverjar breytingar varðandi það, t.d. að taka hluta af samstundarsalnum undir kennslu.

Nói spyr um fatahengi fyrir elstu bekkina sem var undir stiganum en hefur ekki verið þar í vetur, Guðrún segir að breytingar á miðrýminu séu fyrirhugaðar og þá verði sett betri fatahengi.

Fundi slitið 16:10